

48. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 1861.
 norður- og austurumdæminu, um laun héraðs- 21. ágústm.
 læknis, er skipaður var í annað embætti.

Eptir að dómsmálastjórnin með bréfi yðar, herra amtmaður, 20. júní. p. á., hefir meðtekið álitsskjal frá Jóni héraðslækni Finsen, um það, er hann er settur til að gegna héraðslæknisembættinu í Múlasýslum og Austur-Skaptafellssýslu, skal yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þér birtið það hlutaðeiganda, að frá 1. degi októbermánaðar í haust getur hann aðeins fengið laun eptir 8. grein í lögunum frá 19. febrúarm. p. á., smbr. 4. gr. og 2. tölulið 3. greinar. Auk launa sinna sem héraðslæknis í Eyjafjarðar og Þingeyjarsýslum, sem eru 550 ríkisdalir, og launaviðbótar þeirrar, er honum ber af þeim, en hún er 11 ríkisdalir 64 sk. um mánuðinn, það sem eptir er fjárhagsársins, á hann því, eptir þessum ákvörðunum, aðeins að fá tiltöluhluta af þóknun, sem er að upphæð 250 rdl. um árið, eður 20 rdl. 80 sk. um mánuðinn, sem settur héraðslæknir í því embættinu, er fyrst var nefnt.

49. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 27. ágústm.
 yfir Íslandi, um bænarskrá frá alþingi 1859, um
 endurgjald fjárvarðakostnaðar.

Dómsmálastjórnin hefir meðtekið álitsskjal yðar, herra stiptamtmaður, 9. apríl. p. á., um þegnlega bænarskrá, er kom frá alþingi árið 1859, um að fæ það, samtals 697 rdl. 56 sk., sem varið var til fjárvarða nokkurra, er íbúar Rangárvalla og Skaptafellssýslu settu árin 1857 og 1858, verði endurgoldið hêrudum þessum, annaðhvort úr jafnaðarsjóði suðurumdæmisins, eður af þeim 4000 ríkisdölum, sem veittir eru til óvissra gjalda handa Íslandi.

Um leið og í þessu efni skal skýrskotað til hinnar konunglegu auglýsingar til alþingis 1. júní. p. á. (II., 18. tölulið), er yður það hêrmeð til vitundar gefið, sjálfum yður til leið-

1861. beiningar, og til þess þér kunngjörð það þeim, er hlut eiga
 27. ágúst. að máli, að eptir öllu því, sem fram er komið um atvik málsins, þykir dómsmálastjórninni ekki vera ástæða til að veita eður útvega endurgjald kostnaðar þess, sem fyr var getið, einkum fyrir þá sök, að menn höfðu tekið upp hjá sjálfum sér að gjöra ráðstafanir þær, er fænu var til varið, sumpart án samþykkis yfirvaldsins, og sumpart eptir að amtmaður með berum orðum var búinn að lýsa því yfir, að þess væri eigi að vænta, að kostnaðurinn yrði endurgoldinn úr jafnaðarsjóði amtsins.

27. ágúst. 50. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um auglýsing reikninga.

Þér hafið herra amtmaður, í bréfi 30. maím. þ. á. spurt um, hvort reikningar sveitarsjóðanna í hverjum hreppi eigi að teljast með þeim reikningum, sem konungsúrskurður 2. marzm. þ. á. býður að auglýstir sæu á prenti; svo og hvort birta eigi með reikningum þeim, sem þannig skal auglýsa, fylgiskjöl þeirra, t. a. m. fylgiskjölín við jafnaðarsjóðsreikninga amtsins.

Um þetta er yður það kunngjört, sjálfum yður til leiðbeiningar, að kveða verður nei við báðum þeim spurningum, er þér hafið upp borið.

30. ágúst. 51. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um gjaldheimtu af tómthúsum á Arnarhóls lóð.

Í bréfi 1. marzm. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, beðið um, að dómsmálastjórnin skeri úr ágreiningi nokkrum milli yðar og bæjarstjórnarinnar í Reykjavík um það, hvort opið bréf 26. septemberm. 1860, um að leggja skatt á tómthús og óbyggðar lóðir í Reykjavík, geti heimfærzt til tómthúsa þeirra, er sæu á jörðinni Arnarhóli, sem fengin er stiptamtmanni til afnota.